



Cafitesse Excellence Touch

Notendahandbók

EXCELLENCE TOUCH - 2023



Höfundaréttur 2023 © JACOBS DOUWE EGBERTS, Holland
Enska útgáfa handbókarinnar er upprunalega útgáfan.
Önnur tungumál eru þýðingar á upprunalegu útgáfu handbókarinnar.

Framleiðandi:
EVOCA SpA
Via Roma 24
24030 Valbrembo (BG)
Ítalía

EFNISYFIRLIT

1 - FORMÁLI	4
Um sjálfsalann	4
Mikilvægt	4
Tákn notuð í þessari handbók	4
2 - ÖRYGGISLEIÐBEININGAR	5
Almennt öryggi	5
Flutningur og geymsla	6
Uppsetning	6
Matvælaöryggisleiðbeiningar (HACCP)	8
Þjálfun	8
3 - YFIRLIT	9
Yfirlit sjálfsalans	9
Yfirlit tengirásar sjálfsalans	10
Ástandslína	11
4 - NOTKUN	12
Að staðsetja vörupakkningu	12
Tómar vörupakkningar	12
Staðsetning bolla/potts	13
Útvegur drykkja	13
Að slökkva á sjálfsalanum	18
Að kveikja á sjálfsalanum	18
Ýmsar stillingar og upplýsingar	19
5 - HREINSUN	20
Ytri hreinsun	20
Hreinsunarferli	20
Hvenær hreinsa skal sjálfsalann	21
Skolun	21
Heildarhreinsun	23

6 - FORRITUN	26
Leiðbeiningar	26
Aðgangur að notendavalmynd	26
Aðalvalmynd forritunar	27
Skrá gildin	29
Dagleg aðgerð (valmynd hluti 1)	30
Drykkjastillingar (valmynd hluti 2)	31
Vélbúnaðarstillingar (valmynd hluti 3)	36
Drykkja teljari / tölfræði (valmynd hluti 4)	40
Orkusparnaður (valmynd hluti 5)	43
Greiðslukerfi (valmynd hluti 6)	45
Kerfi (valmynd hluti 8)	45
7 - GREIÐSLUKERFI	46
Leiðbeiningar	46
Ýmsar greiðsluaðgerðir	46
Verð (valmynd hluti 6)	47
Aðferðalýsing greiðslukerfis (valmynd hluti 7)	49
8 - BILANALEIT	55
9 - TÆKNILÝSINGAR	58
VIÐAUKI A - ALÞJÓÐLEG SKRÁNING Á RAFMAGNSTENGJUM	60

1 - FORMÁLI

Um sjálfsalann

Þakka þér fyrir að velja Cafitesse Excellence Touch sjálfsalann. Cafitesse Excellence Touch sjálfsalinn er hágæða sjálfsali sem hannaður er til að veita heitt og kalt* kaffi, sérstaka kaffidrykki, gosdrykki (valkostur) og heitt vatn fyrir fagaðila í matvælaíðnaðinum.

Handbók þessi inniheldur nákvæmar notenda- og öryggisleiðbeiningar. Vinsamlegast notaðu og viðhaltu sjálfsalanum eins og lýst er í handbókinni til að fá bestu afköst og til að samræma við matvælaöryggisreglur /HACCP.

Fyrir frekari spurningar, vinsamlegast hafðu samband við þjónustuaðila Cafitesse.

Mikilvægt

Eingöngu skal staðsetja sjálfsalann á stöðum þar sem þjálfaðir aðilar geta haft umsjón með honum.

Eingöngu þjálfaðir einstaklingar eiga að sjá um notkun, skráningu og hreinsun sjálfsalans. Gætið þess að nýtt starfsfólk lesi notendahandbókina áður en þau nota sjálfsalann, og skilji öryggis- og hreinlætisþættina.

Framleiðandinn og JACOBS DOUWE EGBERTS eru ekki skaðabótaskyldugir ef upp koma skemmdir og/eða slys vegna rangrar notkunar sjálfsalans eða með því að virða að vettugi þær leiðbeiningar sem þú finnur í þessari handbók.

Tákn notuð í þessari handbók

Eftirfarandi tákn eru notuð í þessari handbók í samhengi við umsögn til að undirstrika mikilvægar og nauðsynlegar upplýsingar. Farðu eftir þeim umsögnum til að gæta öryggis og til að koma í veg fyrir slys og skemmdir á vörinni.



Athugið:

Útvegaðu þér frekari upplýsingar sem gætu aðstoðað þig við notkun sjálfsalans.



Varúð:

Aðvaranir vegna óöruggrar notkunar. Gættu þess að tryggja matvælaöryggi, til að koma í veg fyrir slys á fólki eða skemmdir á sjálfsalanum.



Viðvörðun:

Gefur til kynna hugsanlegar hættulegar aðstæður sem gætu leitt til alvarlegra slysa og jafnvel dauðsfalla.



Hætta:

GEFUR TIL KYNNA HUGSANLEGAR HÆTTULEGAR AÐSTÆÐUR SEM GÆTU LEITT TIL ALVARLEGRA SLYSA OG JAFNVEL DAUÐSFALLA.

2 - ÖRYGGISLEIÐBEININGAR

Almennt öryggi

Búnaður þessi er ekki ætlaður til notkunar af einstaklingum (þ.m.t. börnum) sem hafa takmarkaða andlega og líkamlega hæfni eða getu. Til að tryggja öryggi þeirra, þarf hæfur einstaklingur að hafa eftirlit með þeim og sýna þeim hvernig á að nota búnaðinn.



Hætta:

ALDREI SNERTA RAFMAGNSTENGILINN ÞEGAR HENDUR ÞÍNAR EÐA RAFMAGNSSNÚRAN / TENGILLINN ERU BLAUT.



Viðvörðun:

Ekki skilja börn eftir eftirlitslaus nálægt sjálfsalanum.



Viðvörðun:

Ef rafmagnssnúra sjálfsalans er skemmd, slökktu þá á sjálfsalanum og hafðu samband við birgðasala til að fá nýja snúru.



Viðvörðun:

Vörurnar sem sjálfsalinn útvegar eru mjög heitar! Til að koma í veg fyrir brunasár haltu höndum og öðrum líkamshlutum frá skammtasvæðinu þegar vélin er í notkun eða þegar skolun á sér stað (hreinsun á sjálfsala).



Viðvörðun:

Ekki setja bolla, potta eða ílát sem full eru af heitum vökva ofan á sjálfsalann.



Viðvörðun:

Hætta er á brunasárum ef að bollar/pottar/ílát falla niður.



Viðvörðun:

Hafðu nægilegt svæði í kringum sjálfsalann svo auðvelt sé að koma sér undan skvettum á heitum vökva.



Viðvörðun:

Staðsettu sjálfsalann ofan á borði eða plötu með lágmarkshæð 60 cm/ 24 in, til að koma í veg fyrir að ung börn geti notað hann.



Varúð:

Athugaðu og tæmdu vökvaskúffuna reglulega til að koma í veg fyrir brunasár og til að koma í veg fyrir að bleyta gólfíð (hætta á að renna til) þegar (heitur) vökvi spillist út úr vökvaskúffunni.



Viðvörðun:

Eingöngu má nota upprunalega varahluti í þennan skammtara.

Flutningur og geymsla

Ávallt skal geyma og flytja sjálfsalann í upprunalegu pakkningunni. Áður en sjálfsalinn er geymdur eða fluttur:

- Settu vöru pakkningarnar í ísskápinn.
- Hreinsaðu sjálfsalann.
- Hafðu samband við Cafitesse þjónustuaðila svo að þjálfaður tæknimaður geti tæmt vatnið úr katlinum og verndað sjálfsalann gagnvart frostskeimmdum.



Varúð:

Sjálfsalinn má ekki komast í snertingu við frost við notkun, í geymslu eða við flutning.

Uppsetning

Uppsetning, flutningur, þjónusta og forritun á sjálfsalanum eru með öllu óheimil nema fyrir þjálfaða tæknimenn.

Uppsetning búnaðar verður að vera í höndum þjónustuaðila Cafitesse í samræmi við allar kröfur uppsetningarinnar:

- Sjálfsalinn er hannaður eingöngu til notkunar innandyrna, staðsettu hann á flötu yfirborði eins og borði eða plötu sem getur stutt við þyngd hans. Verndaðu sjálfsalann frá beinu sólarljósi, frosti og rigningu.
- Gættu þess að það sé nægilegt rými í kringum sjálfsalann til loftræstingar og að fram-/bakhlið hans sé aðgengileg fyrir þjónustu.
- Notaðu eingöngu nýjar vatnsslöngur og tengi í samræmi við EN61770 sem tengjast vatnsveitukerfinu. Gamlar og/eða notaðar vatnsslöngur eru ekki heimilar.

- Sjálfsalinn verður að vera tengdur við drykkjarvatnslínu sem er í samræmi við staðbundnar reglugerðir. Þegar kemur að köldum drykkjum, þarf að athuga gæði vatnsveitukerfisins til að tryggja öruggt kalt drykkjarvatn í samræmi við staðbundnar reglugerðir.
- Verndaðu sjálfsalann gagnvart rennandi vatni, skvettum, gusum eða gufu, hita eða þungryki.
- Ekki má hreinsa sjálfsalann með þrýstivatnsslöngu og hann er ekki hentugur á svæði þar sem þrýstivatnsslöngur eru notaðar reglulega (t.d. vegna hreinsunar).
- Ef sjálfsalinn er tengdur við varanlega víraðann orkugjafa (án aðaltengis), gættu þá þess að rafvírinn sé útbúinn útsláttarrofa með tengiopi a.m.k. 3 mm/ 0,12 fyrir öll rafskaut.
- Ef tengt við rafmagnsveggjatengi, notaðu jarðbundið öryggistengi sem er í samræmi við staðbundnar reglugerðir. Gættu að öryggi rafrásarinnar með öryggisrofa og að aflgjafatengið sé aðgengilegt eftir uppsetningu.
- Eingöngu þjálfaður tæknimaður má skipta um aflgjafatengið. Hægt er að nota sömu tegund tengis eða þeirra sem minnst er á viðauka „A“ til skiptanna.
- Framleiðandi frávisar sér allri ábyrgð gagnvart skemmdum sem verða vegna þess að áðurnefndar öryggisleiðbeiningar voru hunsaðar.

Sérstakar öryggisráðstafanir fyrir notkun á sjó



Viðvörðun:

Framúrskarandi skammtarar sem eru útbúnir með viðeigandi (festingar) settum hafa verið prófaðir samkvæmt öryggisstöðlum með heildaraðstæðum fyrir halla= 22,5° OG sveiflutíðni upp að 0,1Hz OG fyrir tíma allt að 15 mínútur í hvora átt.



Viðvörðun:

Ef halli er fyrir utan mörkin sem eru skilgreind í öryggisprófinu skal slökkva á skammtaranum og tryggja að engin hætta stafi af skammtaranum fyrir fólk og nálæga hluti, með því að festa hann tryggilegar.



Viðvörðun:

Við almennt viðhald skal ganga oft skugga um að allar skráfur séu rétt settar upp og fastar, með rétt snúningsátak (minnst 6,5 Nm, mest 8 Nm) og að þær séu óskemmdar af völdum gagnkvæmra hreyfinga.



Viðvörðun:

Ef öldugangur er mikill skal ganga úr skugga um að allar skráfur séu rétt settar upp og fastar, með rétt snúningsátak (minnst 6,5 Nm, mest 8 Nm) og að þær séu óskemmdar af völdum gagnkvæmra hreyfinga. Þetta þarf að gera eftir hvern atburð eða hvern dag sem atburðurinn stendur yfir.



Viðvörðun:

Affallsleiðslan þarf að halla þannig að vatnið renni rétt frá.



Viðvörðun:

Til að hafa gilda NSF-vottun má ekki fjarlægja límmiðann (límmiðarnir), sem sýnir NSF merkinguna ásamt heiti framleiðanda, vöruheiti og númeri, af hlutnum (ef límmiðinn er til staðar).

Matvælaöryggisleiðbeiningar (HACCP)

Sjálfsalinn er hannaður í samræmi við matvælaöryggisreglur, þ.m.t. HACCP, eins og nauðsynlegt er fyrir matvælaiðnaðinn.

Notandinn er ábyrgur fyrir að tryggja almennt matvælaöryggi og hreinlæti. Fylgdu hreinsunaraðgerðum sem lýst er í þessari handbók. Vinsamlegast athugaðu að HACCP reglugerðin skyldar að þetta sé tekið upp.

- Fylgdu áprentuðum leiðbeiningum á Cafitesse vörupakkningunni hvað varðar geymslu og meðhöndlun.
- Þvoðu hendurnar þegar þú meðhöndlar vörupakkningar eða hluti sjálfsalans sem komast í snertingu við hráefni.
- Snertu ekki oddinn á skammtaranum. Notaðu eingöngu hreint vatn þegar það þarf að hreinsa skammtaran.
- Skoðaðu „Best fyrir“ og „Rennur út“ merkingarnar á vörupakkningunni. Notaðu ekki vörupakkningu ef dagsetningarnar eru úrunnar og notaðu fyrst þær pakkningar sem hafa verið lengst í geymslu (fyrst inn, fyrst út reglan).
- Haltu svæðinu í kringum sjálfsalann hreinu og snyrtilegu.
- Notaðu eingöngu hreinsilög sem er ráðlagður af matvælaiðnaðinum og Cafitesse þjónustuaðilanum. Fylgdu leiðbeiningum á hreinsivökvanum til að meðhöndla hann á öruggan hátt.



Hætta:

EKKI SPRAUTA EÐA SKVETTA VATNI Á SJÁLFSALANN. NOTAÐU EKKI ÞRÝSTIVATNSLÖNGU TIL HREINSUNAR.



Hætta:

ALDREI HALLA SJÁLFSALANUM TIL AÐ HREINSA BAKHLIÐINA EÐA UNDIR HANN. FORÐASTU BRUNA! KETILLINN INNIHELDUR MJÖG HEITT VATN SEM GETUR SKVEST ÚT EF HONUM ER HALLAÐ EÐA SJÁLFSALINN FÆRÐUR.

Þjálfun


Þjálfaðu nýtt starfsfólk fyrir matvælaöryggisleiðbeiningar (HACCP).

- Láttu nýtt starfsfólk vita um áætlan og aðferðir hreinsunar.
- Gætið þess að nýtt starfsfólk lesi notendahandbókina áður en það notar sjálfsalann.
- Hafið notendahandbókina nálægt sjálfsalanum.


Fyrir frekari spurningar, hafðu samband við Cafitesse þjónustuaðila þinn.

3 - YFIRLIT


Yfirlit sjálfsalans



1. Tengi fyrir USB-lykil
2. Snertiskjár
3. Takki fyrir flæði á heitu vatni
4. Handfang (lás valkostur)
5. Hægra úttak fyrir heitt vatn
6. Mið úttak fyrir drykki
7. Bakki fyrir bolla
8. Vökvaskúffa




9. Hurð á sjálfsala
10. Kælirými
11. Losunarslá
12. Blöndunarskál
13. Innri vökvaskúffa
14. Úttaksrými



15. Þéttigrind
16. Tengingar fyrir ýmsa valmöguleika
17. Vatnstenging
18. Rafmagnssnúra

Yfirlit tengirásar sjálfsalans




1. Tengi fyrir USB-lykil
2. Snertiskjár
3. Takki fyrir flæði á heitu vatni
4. Handfang (lås valkostur)

Fyrir notkun, hreinsun og forritun, notaðu eftirfarandi fingraaðgerðir á snertiskjánum. Vinsamlegast finndu sýnishorn í notendaleiðbeiningunum:

	Sláðu létt á merki, eiginleika og hluti til að virkja þá, eða til að opna valmyndir.
	Snertu og haltu merkjum og hlutum og færðu eða dragðu þær yfir á aðra staðsetningu.
	Renndu fingrinum á snertiskjánum upp/niður/ vinstri/hægri til að skrolla í gegnum valmyndir og gildi.

Ástandslína




Miðað við ástand sjálfsalans, getur ástandslínan sýnt eftirfarandi merki:

1. **VATNSSÍA** varúð - skiptu um vatnssíu
2. **VELDU LAND** - veldu tungumál og gjaldmiðil, t.d. fyrir greiðslukerfi
3. **DJÚPHREINSUN** varúð - fjarlægðu kalk úr katlinum
4. **NÆRINGARGILDI** - sýnir matvælaupplýsingar drykksins
5. **HREINSUN** varúð - virkjaðu hreinsunaraðgerðir
6. **HITUN KETILS** - vatnið í katlinum er að hitna
7. Sýnir **HITASTIG KÆLIRÝMIS**
8. **EKKERT VATN / ENGINN DRYKKUR**
9. Sýnir **VILLUBOÐ**, sjá kafla „8. Bilunarleit“ í þessari notendahandbók.
10. Fylltu að hæð **VINSTRI VÖRUPAKKNING**, hér 100%.
11. Fylltu að hæð **HÆGRI VÖRUPAKKNING**, hér 100%.

* = hægt er að slökkva á þessu skilaboði fyrir suma markaði | ** = kaldir drykkir eru ekki fánlegir í öllum tegundum sjálfsalans

4 - NOTKUN



Mynd 4.1 - Staðsettu vörupakkningu


Að staðsetja vörupakkningu



Varúð:

Notaðu aldrei frosna eða skemmda vörupakkningu. Notaðu ekki vörupakkningu ef að „Best fyrir“ dagsetningin er útrunnin.

1. Þvoðu þér um hendurnar áður en þú snertir vörupakkningu.
2. Lestu og fylgdu þeim leiðbeiningum sem eru skrifaðar aftan á pakkningunni.
3. Opnaðu hurð sjálfsalans.
4. Settu inn vörupakkninguna (mynd 4.1).
5. Lokaðu hurð sjálfsalans.
6. Gerðu prufudrykk.



Mynd 4.2 - Merki um tóma vörupakkningu


Tómar vörupakkningar

Ef vörupakkning er tóm, mun drykkurinn sýnast sem daufur, litlaus hlutur á snertiskjánum. Ekki er hægt að útvega drykki.

Merki um tóma vörupakkningu mun birtast á kerfisvæðinu (mynd 4.2) eða á ástandsskjánum.

Útvegum drykkja, sem eingöngu þurfa fánleg hráefni, heitt eða kalt vatn er ennþá mögulegt.

Hafðu samband við þjónustuaðila sjálfsalans til að skipta um vörupakkningu. Ef símanúmer þjónustuaðila er stillt og virkt í notendavalmyndinni, mun skráð símanúmer birtast á skjánum.



Mynd 4.3 - Staðsetning bolla

Staðsetning bolla/potts

Sjálfsalinn býður upp á tvö útrennsli (mynd 4.4):


- Miðja: fyrir mjólk, kakó, te eða kaffidrykki*
- Hægri: fyrir vatn



Varúð:

Staðsettu bollann eða pottinn undir því útrennsli sem þú vilt nota - miðja fyrir drykki, hægri fyrir vatn.

Staðsettu bollann á bakkanum (mynd 4.3). Sérstakur fótur fyrir sjálfsalann er nauðsynlegur þegar stórir pottar eru notaðir.



Mynd 4.4 - Snertiskjár og dryggjarútrennsli

Útvegur drykkja



Viðvörðun:

Vökvinn sem sjálfsalinn útvegar eru mjög heitur! Varastu bruna! Haltu höndum og öðrum líkamshlutum frá sjálfsalanum á meðan afhending drykkja á sér stað. Aldrei skilja börn eftir eftirlitslaus nálægt sjálfsalanum.


Tæknimaður getur kveikt og slökkt á öllum valmyndum og eiginleikum að neðan. Hafðu samband við Cafitesse þjónustuaðilann ef þú vilt breyta því.

Excellence Touch sjálfsalinn býður upp á nokkra möguleika í útvegur drykkja (mynd 4.4):

- Afhending skömmtuð sem „Gerðu þinn eigin“, „Drykkir“ eða „Pottar“ á snertiskjánnum.
- Útvegur vatnsflæðis með heita vatns takkanum, sjá mynd 4.10 á síðu 14.

Afhending skömmtuð

START takkann þarf aðeins að ýta á einu sinni. Afhending stöðvast sjálfkrafa þegar útvegur hvers skammts er lokið.



Mynd. 4.5 - Valmöguleikar af „Gerðu þinn eigin“

„Gerðu þinn eigin“ valmynd



Athugið:

Ef þú virkjar drykkjarstillingar, en BYRJAR ekki afhendingu, mun sjálfsalinn fara aftur yfir í upphaflegt ástand eftir nokkrar sekúndur.


1. Ýttu á efra vinstra merkið „Gerðu þinn eigin“ (1) á snertiskjánum, þegar sjálfsalinn er í afhendingarham (mynd 4.5).
2. Veldu frá snertiskjánum
 - **UMBÆÐINN DRYKKUR (2)** - færir þann drykk sem þú velur í miðjuna á skjánum (mynd 4.5)



Athugið:

Veldu ávallt þá bollastærð fyrir afhendingu sem passar við þá drykkjarstærð sem þú velur.

- **DRYKKJARSTÆRÐ** - smelltu á S(lítið), M(mið) eða L(stórt) (mynd 4.5)
- **HRÁEFNI** - valmöguleika blöndu má nota í ákveðnum stillingum sjálfsalans með tvær kaffiblöndur. (mynd 4.5)




Mynd. 4.6 - „Gerðu þinn eigin“ - styrkur > hlutfall

- **STYRKLEIKI DRYKKJA** - færðu stikuna, sem er staðsett fyrir miðju bollans, til vinstri eða til hægri (kaffibaunir eru upplýstar, sem sýnir styrklega drykksins) (mynd 4.6)
- **HRÁEFNISHLUTFALL** (mögulegt fyrir blandaða drykki) - færið stikuna upp eða niður til að stilla hlutfall hráefna (mynd 4.6).



Mynd 4.7 - START og STOP afhending drykkja



Mynd 4.8 - „Drykkir“



Viðvörðun:

Vökvinn sem sjálfsalinn útvegar eru mjög heitur! Varastu bruna! Haltu höndum og öðrum líkamshlutum frá sjálfsalanum.

3. Settu bolla á bakkann.
4. Ýttu á START takkann á snertiskjánum (mynd 4.7) fyrir afhendingu drykkjar.

Drykkurinn fer í bollann þinn.
Snertiskjáinn sýnir samsvarandi hreyfimynd.

- Ýttu á STOP takkann á snertiskjánum, ef þú vilt stöðva afhendingu drykkjarins (mynd 4.7)

„Drykkir“ valmynd


1. Ýttu á efra miðju merkið „Drykkir“ **(1)** á snertiskjánum, þegar sjálfsalinn er í afhendingarham (mynd 4.8.)
2. Ýttu á þann drykk sem þú vilt.
3. Settu bolla af þeirri stærð sem passar við drykkinn sem þú valdir.



Viðvörðun:

Vökvinn sem sjálfsalinn útvegar eru mjög heitur! Varastu bruna! Haltu höndum og öðrum líkamshlutum frá sjálfsalanum.

4. Ýttu á START takkann fyrir afhendingu.
- Drykkurinn er útvegaður samstundis.



Mynd 4.9 - „Pottar“

„Pottar“ valmynd

1. Ýttu á efra hægra merkið „Pottar“ (1) á snertiskjánum, þegar sjálfsalinn er í afhendingarham (mynd 4.9).
2. Sláðu inn PIN-númerið (2), ef það á við.
3. Ýttu á þann drykk sem þú vilt (mynd 4.9).
4. Dragðu plötuna upp eða niður fyrir umbeðna pottastærð.
5. Staðsettu pott af umbeðinni stærð.



Viðvörðun:

Vökvinn sem sjálfsalinn útvegar eru mjög heitur! Varastu bruna! Haltu höndum og öðrum líkamshlutum frá sjálfsalanum.

6. Ýttu á START takkann fyrir afhendingu. Drykkurinn er útvegaður samstundis.


Takki fyrir (flæði á heitu vatni)

1. Staðsettu bolla eða pott af þeirri stærð sem þú vilt undir útrennsli heita vatnsins.



Viðvörðun:

Vökvinn sem sjálfsalinn útvegar eru mjög heitur! Varastu bruna! Haltu



Mynd 4.10 - Útvegur vatnsflæðis fyrir heitt vatn


höndum og öðrum líkamshlutum frá sjálfsalanum.

2. Smelltu á takkann fyrir heitt vatn og haltu honum inni þangað til að þú hefur fengið afhent það magn sem þú vilt (mynd 4.10).



Athugaðu:

Við mælum með skammtaðri afhendingu með ákveðinni bollastærð á sjálfsafgreiðslusvæðum.



Mynd 4.11 - Útvegum drykkja með greiðslukerfi

Útvegum drykkja með greiðslukerfi

Þegar greiðslukerfi er uppsett og stillt á „Greiðsluhamur“:


1. Settu fullnægjandi upphæð af pening eða með greiðslukorti inn í greiðslukerfið, sjá mynd 4.11.
2. Veldu drykk og settu bolla eða pott undir viðeigandi útrennsli.



Viðvörðun:

Vökvinn sem sjálfsalinn útvegar eru mjög heitur! Varastu bruna! Haltu höndum og öðrum líkamshlutum frá sjálfsalanum.

3. Byrjaðu afhendingu drykkjar.



Mynd 4.12- Merki fyrir hitun

Að slökkva á sjálfsalanum

Vinsamlegast gríptu til eftirfarandi úrræða þegar sjálfsalinn verður ekki í notkun yfir langt tímabil, t.d. frí:

1. Fjarlægðu vörupakkningarnar og athugaðu gildistímann.
2. Geymdu vörupakkningarnar í kæli þangað til að þú kveikir aftur á sjálfsalanum. Þegar gildistíminn er útrunninn skaltu henda vörupakkningunni.



Varúð:

Frystu ekki vörupakkningar.

3. Framkvæmdu gagnert hreinsunarferli á sjálfsalanum.
4. Aftengdu rafmagnssnúruna.
5. Lokaðu fyrir vatnskrann.

Að kveikja á sjálfsalanum

1. Opnaðu fyrir vatnskrann.
2. Tengdu rafmagnssnúruna.

Sjálfsalinn byrjar að hita upp vatnið og kæla niður kæliþýmið. Lokað er fyrir afhendingu drykkja þangað til vatnið í katlinum hefur náð réttu hitastigi.

3. Hitunarkerkið (upptekinn hitamælir) mun sjást á snertiskjánum (mynd 4.12).
4. Þegar vatnið hefur náð réttu hitastigi mun hitamerkið hverfa af skjánum. Sjálfsalinn er nú tilbúinn til notkunar.



Athugið:

Upphitun vatns í katlinum tekur u.þ.b. 15 mínútur við stofuhita. Kæling á kæliþými getur tekið 24 klukkustundir eða lengur.




Athugið:

Ef slökkt hefur verið á sjálfsalanum í langan tíma, þarf að stilla tíma og dagsetningu á ný til að virkja hreinsunarferlið og vistvænar stillingar.



Mynd 4.13 - Tungumál og land



Mynd 4.14 - Næringargildi

Ýmsar stillingar og upplýsingar


Sértækar stillingar fyrir tungumál og land

1. Ýttu á veraldar-merkið neðst í vinstra horninu á snertiskjánum í afhendingarham (mynd 4.13).
Listi yfir lönd og hluti sem tengjast þeim birtist hægra megin á skjánum.
2. Skrollaðu upp og niður þangað til þú finnur það land sem þú vilt velja.
3. Ýttu á fána og landið til að velja tungumál og sértækar stillingar, líkt og nafn drykkja, gjaldmiðil, o.s.frv.

Næringargildi

- Ýttu á næringargildi-merkið neðst í vinstra horninu á snertiskjánum í afhendingarham (mynd 4.14).
Listi yfir næringargildi valdra drykkja mun sjást hægra megin á skjánum.

5 - HREINSUN



Mynd 5.1 - Fjarlægðu bolla og vökvaskúffu

Ytri hreinsun



Athugið:

Við ráðleggjum að hreinsa ytra yfirborð sjálfsalans daglega.

1. Fjarlægðu bollabakkann (mynd 5.1, 1).
2. Fjarlægðu vökvaskúffu (mynd 5.1, 2).
3. Tæmdu vökvaskúffuna.



Athugið:

Athugaðu og tæmdu vökvaskúffuna reglulega.

4. Hreinsaðu bæði bollabakkann og vökvaskúffuna.
5. Settu hlutina aftur á sinn stað.
6. Hreinsaðu ytri hlið sjálfsalans með rökum, hreinum klút.

Hreinsunarferli

Til eru tvö mismunandi hreinsunarferfi:

- „Skolun“ útrennsli drykkja
- „Heildarhreinsun“ kælírymið og útrennsli drykkja.




Varúð:


Í ákveðnum uppsetningum skammtara, til dæmis með köldum drykkjum, er skammtarinn stilltur á skyldubundna daglega hreinsun.

Fyrir ákveðnar uppsetningar, til dæmis með einungis heitum drykkjum, er skylda að keyra aðgerðina „Complete cleaning“ (alhreinsun) að minnsta kosti einu sinni í viku til að tryggja matvælaöryggi. Auk þess þarf einnig að keyra aðgerðina „Flushing“ (skolun) að minnsta kosti einu sinni í viku fyrir útgáfur með mjólkurkaffi og súkkulaðikaffi.

Hugbúnaður skammtarans ákveður lágmarksfjölda hreinsana og skolana á viku eftir drykkjauppsetningunni. Lágmarksfjöldinn er skyldubundinn og ekki hægt að breyta. Ef reglan fyrir skyldubundna hreinsun er ekki stillt á daglega er hægt að breyta hreinsunardögnum í valmynd 3.6.3.



Fjarlægjið vökvaskúffu Excellence Touch Marine




Mynd 5.2-Merki fyrir hreinsun

Hvenær hreinsa skal sjálfsalann

Keyrðu hreinsikerfið þegar hreinsimerkið birtist á skjánum (mynd 5.2).

Ef sjálfsalinn er ekki hreinsaður og/eða skolaður innan 24 klukkustunda, verður útvegur drykkja blokuð.

Byrjaðu hreinsiferlið til að hefja afhendingu á ný.



Mynd 5.3 - Togaðu í rauða handfangið

Skolun



Athugið:


Mjólkur-kaffi og kakó-kaffi sjálfsalar þurfa eingöngu Rinza hreinsitöflur.

1. Keyrðu skolunarkerfið á eftirfarandi hátt:

- Ýttu á hreinsi-merkið, sem sýnt er á snertiskjánum þegar þarf að skola (mynd 5.2).
- Ræstu notendaham með ísetningu notenda USB lykli

ÞÁ

með því að skrá PIN kóðann í gegnum snertiskjáinn, ef sá eiginleiki er virkur (sjá kafla „Forritun“, valmynd 1.1).



Mynd 5.4 - Ísetning Rinza hreinsitaflna




Athugið:


Skolaðu sjálfsalann hvenær sem er með því að ræsa notendaham.

Fylgdu leiðbeiningunum á skjánum:

2. Opnaðu hurð sjálfsalans.
3. Togaðu í rauða handfangið til að opna útrennslið (mynd 5.3).
4. Settu Rinza hreinsitöflu í hvora blöndunarskál (mynd 5.4).
5. Þrýstu upp á útrennslið þangað til þú heyrir píp.
6. Lokaðu hurð sjálfsalans.



Mynd 5.5 - Staðsettu hólfíð



Mynd 5.6 - Ýttu á OK við skulun/lokið hreinsun

Fylgdu leiðbeiningunum á skjánum:

7. Staðsettu ílát undir drykkja- og heita vatns útrennslin (mynd 5.5)
8. Ýttu á „OK“ til staðfestingar (mynd 5.6), um að Rinza hreinsitöflur eru komnar inn og að hólfíð sé á sínum stað.

Fylgdu leiðbeiningunum á skjánum:




Viðvörðun:

Vökvinn sem sjálfsalinn útvegar eru mjög heitur! Varastu bruna! Haltu höndum og öðrum líkamshlutum frá sjálfsalanum.


9. Ýttu á „OK“ til að hefja skulun með heitu vatni. (mynd 5.6).

Ferlið er sýnt á skjánum.


Sjálfsalinn er tilbúinn til notkunar á ný þegar ferlinu er lokið.



Mynd 5.8 - Fjarlægja þakkningar



Mynd 5.9 - Hreinsun kæliýmis



Mynd 5.10 - Fjarlægðu blöndunarskálur

Heildarhreinsun



Athugið:

Mjólkur-kaffi og kakó-kaffi sjálfsalar þurfa eingöngu Rinza hreinsitöflur.

1. Keyrðu heildarhreinsunarkerfið á eftirfarandi hátt:
 - Ýttu á hreinsi-merkið, sem sýnt er á snertiskjánum þegar þarf að heildarhreinsa (mynd 5.2).
 - Ræstu notendaham með ísetningu notenda USB lykli **EDA** með því að skrá kóða í gegnum snertiskjáinn, ef sá eiginleiki er virkur (sjá kafla „Forritun“, valmynd 1.1).



Athugið:

Keyrðu heildarhreinsun sjálfsalans hvenær sem er með því að ræsa notendaham.

Fylgdu leiðbeiningunum á skjánum:

2. Opnaðu hurð sjálfsalans.
3. Fjarlægðu vörupakkningar (mynd 5.8).



Athugið:


Við ráðleggjum notkun skiptibúnaðar, sem felur í sér hreinar blöndunarskálur og þéttihringi, til að spara tíma.

4. Hreinsaðu op skammtarans með bursta og innri hluta kæliýmis með hreinum, rökum klút (mynd 5.9). Þurrkaðu með hreinum pappírsklút.


5. Staðsettu vörupakkningar aftur í sjálfsalann ef þær eru ekki útrunnar. Annars skal setja inn nýjar vörupakkningar.

Fylgdu leiðbeiningunum á skjánum:

6. Hreinsun blöndunarskála:
 - a. Togaðu í rauða handfangið til að opna útrennslihólfíð (mynd 5.3).
 - b. Snúðu blöndunarskálunum rangsælis til að losa þær og dragðu þær síðan út (mynd 5.10).



Mynd 5.11 - Fjarlægðu innri vökvaskúffu



Mynd 5.12 - Blöndunarskál þéttihringur

c. Fjarlægðu innri vökvaskúffu og hreinsaðu hana, ef nauðsynlegt þykir (mynd 5.11).

d. Hreinsun blöndunarskála:

- Annað hvort í uppvottavél (hámarks hitastig 90°C / 194°F), eða
- Bleyttu þær í 15 mínútur í volgu vatni með viðurkenndum hreinsivökva.

e. Bleyttu þéttihringina í 15 mínútur í volgu vatni með viðurkenndum hreinsivökva.



Athugið:

Fylgdu öryggis- og hreinsunarleiðbeiningunum sem finnast á pakkningu.

f. Skolaðu blöndunarskálarnar og þéttihringina undir rennandi vatni og þurrkaðu með hreinum pappírsklút.



Varúð:

Athugaðu hvort bláu innsiglishringirnir séu vel festir við blöndunarskálarnar (mynd 5.12).

g. Settu inn hreinar blöndunarskálarnar með þéttihringjum, snúðu þeim svo réttisælis þangað til að ekki er hægt að snúa þeim meira.

h. Settu aftur innri vökvaskúffu á sinn stað (ef fjarlægð).

i. Settu Rinza hreinsitöflu í báðar blöndunarskálarnar (mynd 5.4).

j. Þrýstu upp á útrenslihólfid þangað til þú heyrir píp.

k. Lokaðu hurð sjálfsalans.

Fylgdu leiðbeiningunum á skjánum:

7. Staðsettu ílát undir drykkja- og heita vatns útrennslin (mynd 5.5)
8. Ýttu á „OK“ til staðfestingar (mynd 5.6), um að Rinza hreinsitöflur eru komnar inn og að hólfið sé á sínum stað.

Fylgdu leiðbeiningunum á skjánum:



Viðvörðun:

Vökvinn sem sjálfsalinn útvegar eru mjög heitur! Varastu bruna! Haltu höndum og öðrum líkamshlutum frá sjálfsalanum.

9. Ýttu á „OK“ til að hefja skolun með heitu vatni.

Ferlið er sýnt á skjánum.

Sjálfsalinn er tilbúinn til notkunar á ný þegar ferlinu er lokið.

6 - FORRITUN

Leiðbeiningar

Þessi kafli fjallar um valmyndir og eiginleika sem eru aðgengilegir í sjálfsalanum.


Tækniamaður getur virkt eða óvirkt þessar valmyndir og eiginleika. Þess vegna er möguleiki á að valmyndir og eiginleikar eru faldir í sjálfsalanum þínum.

Vinsamlegast hafðu samband við þjónustuaðila Cafitesse ef þú vilt láta breyta forritunarstillingum þínum.

Lýsingarnar á eiginleikunum að neðan eru ekki endilega í þeirri röð sem þeir birtast á valmyndinni.

Hægt er að uppfæra hugbúnaðarútgáfuna með því að nota þjónustu USB lykilinn.

Útlit og birting merkja/skjás í þessari handbók getur verið ólík en það sem birtist á snertiskjá sjálfsalans, miðað við stillingar sjálfsalans.



Mynd 6.1 - Setjið í notenda USB lykilinn

Aðgangur að notendavalmynd

Það eru tveir möguleikar til að fá aðgang að notendavalmyndinni (notendaham):


- Settu í notenda USB lykilinn (mynd 6.1)

eða, ef tækniamaður hefur gert þennan eiginleika virkan:

- Snertu og haltu efra hægra horni snertiskjásins og dragðu niður.
- Skráðu inn kóðann „5555“ til að fá aðgang að notendavalmynd.

Eftirfarandi valmyndir er hægt að virkja:

- Teljari (tölfræði) - sýnir teljara fyrir drykki
- Breyta magni/styrkleika drykkja
- Stilling dagsetningu, tíma og tungumáls
- Keyra skolun eða heildarhreinsun
- Hreinsunardagar - stillir vikudaga fyrir skolun og heildarhreinsun
- Orkusparnaður stillingar
- Virkja/óvirkja símanúmer notandans.
- Stilla niðurteljara þegar skipt er um pakkningu til að virkja næstum tómur skilaboð
- Villuboð (og endurstilling)
- Stilling drykkja
- Verðstilling - eingöngu þegar greiðslukerfi er uppsett - sjá kafla „7 Greiðslukerfi“
- Skjástillingar



Mynd 6.2 - Aðalvalmynd forritunar

Skýring á aðalvalmynd forritunar (mynd 6.2):

1. Leitarreitir
2. Leiðsögn hliðarvalmynd
3. „Exit“ merki
4. „Uppáhalds“ merki
5. Lyklaborð

6. Síðuhaus notendahamur
7. Upplýsingasvæði
8. Skilaboðasvæði
9. Villusvæði
10. Upplýsingar um viðhald og hreinsun svæði

Aðalvalmynd forritunar

Forritunarvalmyndin er sýnd. Snertiskjárninn sýnir bæði sem sjálgildi, valmynd leiðsagnar og mælistærðir eiginleika.

- Skrollaðu niður skjáinn, ef eiginleikar og/ eða mælistærðir eru ekki sýnd að fullu, t.d. þegar kemur að sérstillingum.

Leitarreitir (1)

Heimilar leit að eiginleika eftir nafni.

1. Ýttu á leitarreitinn og þá mun lyklaborð birtast.
2. Skráðu nafn eiginleikans. Eiginleikar sem innihalda skráðan texta eru sýndir á meðan þú skrifar.
3. Veldu eiginleikann frá listanum.

Leiðsögn hliðarvalmynd (2)

Sýnir eiginleikana sem eru aðgengilegir fyrir núverandi notenda og „næsti / til baka“ takkana

„Exit“ merki (3)

Ýttu á exit merkið til að fara úr forritunarvalmyndinni án þess að vista. Sjálfsalinn fer aftur yfir í afhendingarham.

„Uppáhalds“ merki (4)

„Uppáhalds“ eru flýtleiðir í þá eiginleika sem oftast eru notaðir.

1. Ýttu á „uppáhalds merkið“. Listi yfir eiginleika sem oftast eru notaðir mun birtast á skjánum.
2. Ýttu á eiginleikann í listanum á „uppáhalds“ fyrir flýtiaðgang.

Bætir við eiginleika fyrir „uppáhalds“:

1. Virkja eiginleika sem þú vilt bæta við „uppáhalds“ listann.
2. Ýttu á ★-merkið á skilaboðastikunni. Merkið ★-mun skipta um lit og eiginleikinn kominn inn í „uppáhalds“ listann.

Fjarlægja eiginleika frá „uppáhalds“:

1. Skráðu „uppáhalds“ og virkjaðu eiginleikann sem þú vilt fjarlægja.
2. Ýttu á ★-merkið á skilaboðastikunni. Merkið ★-mun skipta um lit og eiginleikinn er fjarlægður frá „uppáhalds“ listanum.

Lyklaborð (5)

Notaðu lyklaborðið, t.d. til að skrá kóðann og fá aðgang að forritunarvalmynd í notendastillingum.

Skilaboðastika (6)

Sýnir:

Stöðumerki, t.d. vatnsmagn, vörupakkning
tóm.....

Ýttu á merkin til að fá boð um ástandið.

Aðgangssvalmynd uppsetningar

(Tæknilegt, ...).

Eiginleikar valmyndar eru aðgengilegir þegar uppsetningin er notuð.

Eiginleikar uppsetningarinnar eru ekki aðgengilegir fyrir aðra uppsetningu.

„Tungumál“ merki

Þú getur breytt tungumáli skilaboðanna á skjánum með því að ýta á fána merkið.

„Bæta við / eða uppáhalds“ merki

Upplýsingasvæði (7)

Sýnir upplýsingar um sjálfsalann.

Skilaboðasvæði (8)

Sýnir upplýsingar, líkt og tölfraði um vinsælustu drykkina, ...


Villussvæði (9)

Sýnir núverandi villuboð sjálfsalans.

Upplýsingasvæði viðhalds (10)

Sýnir eftirfarandi atvik:

- dagsetningu þegar síðasta hreinsun átti sér stað
- dagsetningu þegar síðasta viðhald átti sér stað
- fjöldi drykkja frá síðasta viðhaldi
- tími fyrir næsta viðhald
- Ýttu á reitinn „Viðhaldstilkynning“, til að stilla núverandi dagsetningu/tíma sem dagsetningu frá síðasta viðhaldi.




Mynd 6.3 - „Lyklaborð“

Skrá gildin

Gildin í forritunarvalmyndinni er hægt að skrá / breyta með því að nota eina af eftirfarandi innskráningar valmöguleikum, sem birtast sjálfkrafa:

Lyklaborð (mynd 6.3)

1. Skráðu næsta stóra stafinn (shift)
2. Skiptu lyklaborðinu frá „númer/tákn“ yfir í „bókstafir“
3. Skiptu lyklaborðinu frá „bókstafir“ yfir í „númer/tákn“
4. Skrá stóra stafi (caps lock)
5. Færa bendilinn í textanum
6. Bæta við nýrri línu (2-línu texti)




Mynd 6.4 - Lyklaborð

7. Staðfestu gildin
8. Hætta við skráð gildi og loka lyklaborðinu
9. Eyða síðasta staf sem þú skráðir (back space)

Lyklaborð (mynd 6.4)

1. Staðfestu gildin
2. Eyða síðustu tölu sem þú skráðir (back space)
3. Hætta við skráð gildi og loka lyklaborðinu



Mynd 6.5 - Gátreitur, Fellivalmynd, Velja gildi

Gátreitur (mynd 6.5, atriði 1)

- Ýttu á gátreitinn til að virkja/óvirkja valmöguleikann.

Fellivalmynd (mynd 6.5, atriði 2)

- Ýttu á örvamerkið til að opna fellivalmyndina og velja gildi.

Velja gildi (mynd 6.5, atriði 3)

- Skrollaðu niður til að finna það gildi sem þú vilt.

Dagleg aðgerð (valmynd hluti 1)

Hreinsun


- Ýttu á atriði valmyndar 1 > 1.1
- Fylgdu leiðbeiningunum í svæðum „Skolun“ og „Heildarhreinsun“, sjá kafla „Hreinsun“ (mynd 6.6).

Fylling


- Ýttu á atriði valmyndar 1 > 1.2
- Virkjaðu stýringu á magni vörupakkninga.

Greiðslufé notað

Vinsamlegast sjá kaflann „7 Greiðslukerfi“.



Mynd 6.6 - Hreinsun



Mynd 6.7 - „Drykkjaskjár“

Drykkjastillingar (valmynd hluti 2)

Drykkjaskjár

- Ýttu á atriði valmyndar 2 > 2.1

Drykkirnir, sem eru virkjaðir í sjálfssalanum til afhendingar, eru skráðir á snertiskjánum (mynd 6.7).

- Smelltu á reitina „1x2“, „1x3“, „1x4“ eða „2x5“ til að stilla útlit drykkja í afhendingarham.
- Færðu drykki frá neðri hluta skjásins yfir á efri hlutann til að virkja þá fyrir afhendingu.


OG/EÐA

Færðu drykki frá efri hluta skjásins yfir á neðri hlutann til að óvirkja þá frá afhendingu.

- Ýttu á „Vista“ til að halda breytingunum

EÐA

Ýttu á „Fleygja“ til að yfirgefa eiginleikann án þess að vista.



Mynd. 6.8 - Gerðu þinn eigin skjár

Gerðu þinn eigin skjár

Þú getur breytt sjálfgildi drykkjarúrvali fyrir þessa valmynd.

- Ýttu á atriði valmyndar 2 > 2.2

Drykkirnir, sem eru virkjaðir í sjálfsalanum til afhendingar, eru skráðir á snertiskjánum (mynd 6.8).

- Ýttu á fellivalmyndina og veldu drykk, sem ætti að vera sýndur sem sjálfgilt val í „Gerðu þinn eigin“ valmyndinni, ef óskað er eftir.

- Færðu drykki frá neðri hluta skjásins yfir á efri hlutann til að virkja þá fyrir afhendingu.


OG/EDA

Færðu drykki frá efri hluta skjásins yfir á neðri hlutann til að óvirkja þá frá afhendingu.

- Ýttu á „Vista“ til að halda breytingunum

EDA

Ýttu á „Fleygja“ til að yfirgefa eiginleikann án þess að vista.



Mynd 6.9 - Ritill uppskrifta (Magn / Styrkleiki)

Ritill uppskrifta (Magn / Styrkleiki)

- Píkkid á valmyndartriði 2> 2.4 > 2.4.4

Drykkirnir, sem eru virkjaðir í sjálfsalanum, eru skráðir á snertiskjánum.

Stilla forstillingu á magni og styrkleika drykkjar:


- Ýttu á  merki drykkjar sem þú vilt breyta.
- Stílltu valin gildi með lyklaborði eða gildisvali (mynd 6.9).



Athugið:

Miðað við þína beiðni, þá getur þú stíllt gildin á milli


- 90% og 110% fyrir styrkleika
- SML tölugildi (í ml) fyrir rúmtak
- Ýttu á „Vista“ til að halda breyttum gildum **EDA**
- Ýttu á „Fleygja“ til að yfirgefa eiginleikann án þess að vista.



Mynd 6.10 - Vöropakkningar

Stilling vöropakkinga

- Ýttu á atriði valmyndar 2 > 2.6
- Ýttu á valdar vöropakkingar á skjánum (mynd 6.10) til að
 - byrja stillingu á vöropakkingunni
 - stilla/breyta litnum á vöropakkingunni **EDA**
 - stilla/breyta litnum á vöropakkingunni
- Ýttu á efra hægra horn vöropakkingar á skjánum til að stilla/breyta mynd tegundar
- Ýttu á neðri hægri rétthyrning vöropakkingar á skjánum til að stilla/breyta næringargildi.
- Ýttu á „Vista“ til að halda breyttum gildum **EDA**
 Ýttu á „Fleygja“ til að yfirgefa eiginleikann án þess að vista.



Mynd 6.11 - „Pottaskjár“

Pottaskjár

- Ýttu á atriði valmyndar 2 > 2.8

Gátlisti fyrir flæði afhendingar og drykki, sem eru virkir fyrir afhendingu í potta á sjálfsalanum, eru sýndir á snertiskjánum (mynd 6.11).

- Ýttu á gátlistann til að skilgreina hvort eigi að fylla potta í flæðisham (gátmerki er sýnt) eða ekki.

Stilla lista yfir pottadrykki:

- Dragðu drykkina á potta afhendingarlistanum í þá röð sem þú vilt.
- Ýttu á „Vista“ til að halda breyttum gildum **EDA**
- Ýttu á „Fleygja“ til að yfirgefa eiginleikann án þess að vista.

Vélbúnaðarstillingar (valmynd hluti 3)

Sýna almennar stillingar

- Ýttu á atriði valmyndar 3 > 3.3 > 3.3.3

Stilla birtustig snertiskjásins að hámarksgildi 100.

Virkja / óvirkja birtingu af:

- síðum sem birtast á sjálfsalanum þegar hann ræsist
- skjávari - stilltu biðtíma skjávarans, eftir að hafa virkt hann
- PIN kóðann til að komast á pottasíðuna
- skilaboð afhendingar
- myndmerki bolla
- titill næringargildis
- hitastig kælírymis

Texti / Streymi

- Ýttu á atriði valmyndar 3 > 3.3 > 3.3.5

Í hefðbundnum aðgerðum og við afhendingu drykkja, er annað hvort RSS streymið (fréttir) eða ákveðinn texti sýndur á neðstu línu snertiskjásins.

- Til að sjá RSS streymið (fréttir), tengdu sjálfsalann við internetið.
- Veldu netfang RSS streymis frá ákveðnum lista eða skráðu sérstakt netfang.

Sjálfsalinn er stilltur á að sýna ákveðin textaskilaboð (sjálfsali ekki tengdur við internetið):

- Skrifaðu textann sem þú vilt að sé sýndur við hefðbundnar aðgerðir.
- Þú getur bætt við fleirum ákveðnum textaskilaboðum með því að snerta „Bæta við nýjum“.

Magn vörupakkninga


- Ýttu á atriði valmyndar 3 > 3.4 > 3.4.1

Virkjar / óvirkjar magnmælingar á vörupakkningunum.

Sýnir tvær vörupakkningar með magni fyllingar og stillanlegri mælistærð:

- Reiknað magn: virkjar mælinguna sem stýrir „vara að tæmast“ forviðvörun.

Ef hlutfall fyllingar vörupakkninga er sýnt í rauðu, fer vörupakkningin í forviðvörunar ástand, sjá valmynd 1.2.




Mynd 6.12 - Skipta um síu

Skipta um síu

- Ýttu á atriði valmyndar 3 > 3.6 > 3.6.1

Gerðu eftirfarandi stillingar (mynd 6.12):

- Virkjaðu skipta um síu eiginleikann, ef þú vilt nota vatnssíu.
- Stilltu, ef að gallinn (gagngildi > vatnsmörk) ætti að blokka afhendingu drykkjar eða ekki.
- Stilltu vatnsmörkin (heitt og kalt vatn) til að skipta um síu.
- Ýttu á „Vista“ til að halda breyttum gildum **EÐA** Ýttu á „Fleygja“ til að yfirgefa eiginleikann án þess að vista.



Mynd 6.13 - Djúphreinsun

Djúphreinsun

- Ýttu á atriði valmyndar 3 > 3.6 > 3.6.2
- Virkjaðu djúphreinsunar eiginleikann, ef þú vilt djúphreinsa ketilinn eða annan búnað á reglulegu millibili (mynd 6.13).
- Stilltu vatnsmörk á heitu og köldu vatni fyrir djúphreinsun.
- Ýttu á „Vista“ til að halda breyttum gildum **EDA**
Ýttu á „Fleygja“ til að yfirgefa eiginleikann án þess að vista.

Hreinsidagar

- Ýttu á atriði valmyndar 3 > 3.6 > 3.6.5



Athugið:

Uppsetning skammtarans ákveður sjálfvirkir nauðsynlegan lágmarksfjölda hreinsunardaga. Fyrir ákveðnar uppsetningar verður að hreinsa skammtarann daglega og ekki er hægt að gera neinar breytingar á þeirri áætlun.

Stilltu sjálfvirkar hreinsistillingar sjálfsalans:

- þegar / ef kerfin Heildarhreinsun / Skolun skal keyra
- þann vikudag sem kerfin Heildarhreinsun / Skolun skulu keyrð



Varúð:

Í ákveðnum uppsetningum skammtara, til dæmis með köldum drykkjum, er skammtarinn stilltur á skyldubundna daglega hreinsun.

Fyrir ákveðnar uppsetningar, til dæmis með einungis heitum drykkjum, er skylda að keyra aðgerðina „Complete cleaning“ (alhreinsun) að minnsta kosti einu sinni í viku til að tryggja matvælaöryggi.

Auk þess þarf einnig að keyra aðgerðina „Flushing“ (skolun) að minnsta kosti einu sinni í viku fyrir útgáfur með mjólkurkaffi og súkkulaðikaffi.

Ákveða hreinsidaga

Ef þú hefur Kaffi-kaffi tegundina, þarf sjálfsalinn eingöngu að keyra „Heildarhreinsun“ kerfið vikulega. Þú getur valið hvaða dag sem þér hentar.

Ef þú hefur Mjólkur-kaffi eða Kakó-kaffi tegundina, þarf sjálfsalinn að keyra bæði „Heildarhreinsun“ og „Skolun“ kerfin vikulega.

Þú þarft að velja tvo vikudaga með millibil að hámarki 4 daga.

Taflan fyrir neðan sýnir hvaða daga sem hægt er að sameina (rautt = Heildarhreinsun, grátt = Skolun).

Sun	Mán	Þri	Mið	Fim	Fös	Lau
Sun	Mán	Þri	Mið	Fim	Fös	Lau
Sun	Mán	Þri	Mið	Fim	Fös	Lau
Sun	Mán	Þri	Mið	Fim	Fös	Lau
Sun	Mán	Þri	Mið	Fim	Fös	Lau
Sun	Mán	Þri	Mið	Fim	Fös	Lau
Sun	Mán	Þri	Mið	Fim	Fös	Lau



Athugið:

Þú getur alltaf stillt fleiri daga fyrir „Heildarhreinsun“ og/eða „Skolun“ miðað við lágmarksfjölda daganna.



Sjálfvirkar skolanir:

Það verða sjálfvirkar skolanir (heitar eða kaldar) eftir því hver uppsetning skammtarans er. Þessu er ekki hægt að breyta og fjöldi og umfang skolana fer eftir uppsetningu skammtarans og eru forstillt.

Rétt áður en sjálfvirk skolun á að hefjast koma viðvörunarskilaboð á skjáinn ásamt píphljóði.

Drykkja teljari / tölfraði ***(valmynd hluti 4)***

Sýna tölfraði

- Ýttu á atriði valmyndar 4 > 4.2 > 4.2.1

Birting drykkja teljara sem sýnir:

- fjölda afhentra drykkja
- dagsetningu og tíma frá síðustu afhendingu

Endurstilla tölfraði


- Ýttu á atriði valmyndar 4 > 4.2 > 4.2.2

Endurstilla mæli:

- Ýttu á „Endurstilla nú“ hnappinn til að stilla mæligildið við viðeigandi drykk á núll.

Sýna endurskoðun


Sjá kafla „7 Greiðslukerfi“ fyrir lýsingu um endurskoðunar eiginleikann.



Mynd 6.14 - Heildar vatnsmælir

Heildar vatnsmælir

- Ýttu á atriði valmyndar 4 > 4.2 > 4.2.6
- Ýttu á „fyrri“ til að fara úr valmyndinni án breytinga
- Ýttu á „Endurstilla hitavatnsmæli“ til að stilla hitavatnsmælinn á núll (mynd 6.14)
- Ýttu á „Endurstilla kaldavatnsmæli“ til að stilla kaldavatnsmælinn á núll



Mynd 6.15 - „Drykkjamælar“

Drykkjamælar

- Ýttu á atriði valmyndar 4 > 4.2 > 4.2.7
- Ýttu á fellivalmynd „Drykkjarvara“ til að velja þinn drykk (mynd 6.15).

Vatnið, hráefnið og eiginleikar drykksins sem þú velur er sýnt.

Fjöldi lítilla, meðal og stórra drykkja sem afhendir eru birtist.

Notendaupplýsingar

- Ýttu á atriði valmyndar 4 > 4.6

Þessi eiginleiki heimilar skráningu notendaupplýsinga (nafn og símanúmer) notendans.

Það mun sjátt þrátt fyrir villur.

Þú getur ákveðið hvort upplýsingarnar birtist með villum sem blokka búnaðinn og/ eða villur sem blokka ekki búnaðinn.

Orkusparnaður (valmynd hluti 5)

Með orkusparnaðareiginleikanum getur þú virkt, breytt mælistærðunum, og stillt tímaramma á orkusparnaði sjálfsalans.

Stillingar

- Ýttu á atriði valmyndar 5 > 5.1

Virkjar / óvirkjar orkusparnaðar eiginleika. Sjálfsalinn heimilar stýringu á nokkrum orkusparnaðar sérstillingum. Sumar mælistærðir orkusparnaðar sérstillinga er hægt að breyta.

- „Mildur hamur“ sérstilling
Þessi hamur virkjar orkusparnað þegar sjálfsalinn hefur ekki verið notaður í smá tíma.
Þegar eitthvað er valið á ný, fer sjálfsalinn úr orkusparnaði.

Þú getur:

- stillt fjölda mínúta af aðgerðaleysi sjálfsalans þangað til að sérstillingin tekur gildi

- stillt lægra hitastig í katlinum í orkusparnaðarkeyrslu
- stillt birtustig snertiskjásins í venjulegt, lágt eða af.

- “Djúphamur” sérstilling
Þessi hamur er virkur eftir ákveðinn tímaramma.
Með ákveðnum tímaramma, er hitastig ketils lækkað til að mæta hitastigi orkusparnaðar.

Þú getur:

- stillt lægra hitastig í katlinum í orkusparnaðarkeyrslu
- stillt fyrirfram hversu margar mínútur það tekur að hita ketilinn áður en lok tímarammans (t.d. 5 mínútur áður en tímaramminn líður undir lok, mun hitaferlið í katlinum virkjast til að ná því hitastigi svo hægt sé að nota búnaðinn).
- stillt birtustig snertiskjásins í venjulegt, lágt eða af.



Athugið:

Ekki er hægt að velja „Deep Mode“ (djúpa stillingu) fyrir skammtara sem eru uppsettir fyrir skömmtun kaldra drykkja.

Orkusparnaður tímabönd

- Ýttu á atriði valmyndar 5 > 5.2

Stilla tímaramma orkusparnaðar sérstillingar (mynd 6.16):

- Ýttu á þann vikudag sem þú vilt stilla tímarammann.
- Ýttu á „Bæta við viðburði“.
- Ýttu á sérstillingar línuna (venjuleg/mjúk/djúp) til að setja tímaramma.
- Dragðu tímarammann til að stilla nákvæman tíma með 15 mínútna millibili, ef nauðsynlegt þykir.
- Bættu við eins mörgum tímarömmum eins og þú vilt.

Eyða tímaramma:


- Ýttu á „Fjarlægja viðburði“.
- Ýttu á tímarammann sem þú vilt eyða.

Afrita tímaramma:

Þú getur afritað stillingar fyrir alla vikudaga eða fyrir einstakan dag:

- Ýttu á „Afrita sérstillingu dags“, svo
 - Ýttu á „Líma sérstillingu dags yfir á alla daga“.

EÐA



Mynd 6.16 -

Orkusparnaður tímabönd

- Ýttu á einstakan vikudag.
- Ýttu á „Líma sérstillingu dags“.

Vista orkusparnaðar sérstillingu:

- Ýttu á „Vista“.

Greiðslukerfi (valmynd hluti 6)

Fyrir allar aðgerðir og breytingar á lýsingum greiðslukerfis, sjá kaflann „7 Greiðslukerfi“.

Kerfi (valmynd hluti 8)

Stilling dagsetningu / tíma

- Ýttu á atriði valmyndar 8 > 8.3

Breyta stillingu dagsetningu / tíma:

- Ýttu á  merkið fyrir dagsetningu og/ eða tíma gildi
- Stilltu rétt gildi með lyklaborði eða gildisvali, sjá bls. 24.
- Ýttu á „Vista“ til að halda breyttum gildum EÐA
Ýttu á „Fleygja“ til að yfirgefa eiginleikann án þess að vista.

Tungumál

- Ýttu á atriði valmyndar 8 > 8.4

Stilla tungumál:

- Dragðu atriði af völdum löndum yfir í viðeigandi svæði á valmyndinni.
- Ýttu á „Vista“ til að halda breyttum gildum **EÐA**
Ýttu á „Fleygja“ til að yfirgefa eiginleikann án þess að vista.

Upplýsingar

- Ýttu á atriði valmyndar 8 > 8.9

Heimilar birtingu allra upplýsinga um útgáfu sjálfsalans (tegund, þema, sérstillingar, ...)

7 - GREIÐSLUKERFI

Leiðbeiningar

Þessi kafli útlistar notkun og möguleikum greiðslueininga sem hægt er að nota í tengslum við Excellence-Touch sjálfsalann.

Ef þú ert notandi og hefur heimild til að breyta stillingum og meðhöndla peningana, lestu þennan kafla ítarlega, til að tryggja það að þú skiljir allt um greiðsluaðgerðir.

Greiðslueiningin er hönnuð fyrir sjálfsalategundir Excellence-Touch. Það er fáanlegt í eftirfarandi kerfisútgáfum:

- Myntskiptir
- Kortalesari

Greiðslueiningin er gerð úr mismunandi hólfum sem er staðsett hægra megin á sjálfsalanum.

Greiðslueiningin er gerð fyrir útvegum drykkja úr sjálfsalanum.

Ennfremur, þú getur stýrt aðgerð greiðslueiningarinnar með því að stilla tímabönd fyrir mismunandi verð og ókeypis afhendingu.

Ýmsar greiðsluaðgerðir

Peninga aðgerð (valmynd 1,3)



Athugið:

Eingöngu virkt fyrir tegundir með myntskipta greiðslukerfi.

- Ýttu á atriði valmyndar 1 > 1.3

Með innföldum aðgerðum getur þú:

- tæmt peningaraufina
- hlaðið peninga fyrir peningaboxið
- athugað heildarupphæð peninga í myntgræjunni

Sýna endurskoðun (valmynd 4.2.3)

- Ýttu á atriði valmyndar 4 > 4.2 > 4.2.3

Sýnir heildartölu greiðslna og heildarafhendingu drykkja síðan drykkjarmælirinn (tölfræði) var síðast endurstilltur, fyrir hvert val.

Endurskoðunargögnin er hægt að sýna með:

- Greidd afhending
- Ókeypis afhending
- Prufa afhending
- Endurskoðun peninga
- Hráefni

Verð (valmynd hluti 6)

Merki gjaldmiðils

- Ýttu á atriði valmyndar 6 > 6.2 > 6.2.1
- Setur upp merki gjaldmiðils á greiðsluskjáinn.

Altæk drykkjarverð

Verksmiðjustillingar ákvarða sama verð fyrir alla drykki (altækt verð):

- Ýttu á atriði valmyndar 6 > 6.2 > 6.2.2
- Breyta öllum verðum á drykkjum á sama tíma.


Verð á drykk

Fyrir hvern drykk er hægt að setja annað verð en altæka verðið:


- Ýttu á atriði valmyndar 6 > 6.2 > 6.2.3
- Veldu þann drykk sem þú vilt og breyttu verðinu.

Kóði fyrir ókeypis afhendingu

- Ýttu á atriði valmyndar 6 > 6.2 > 6.2.4
- Virkja/óvirkja/breyta kóðanum fyrir ókeypis afhendingu (mynd 7.1)



Mynd 7.1 - Kóði fyrir ókeypis afhendingu



Mynd 7.2 - Stjórnun verð tímabanda

Stjórnun verð tímabanda

- Ýttu á atriði valmyndar 6 > 6.2 > 6.2.5

Stilla tímaramma á verðstillingu (mynd 7.2):

- Ýttu á þann vikudag sem þú vilt stilla tímarammann.
- Ýttu á „Bæta við viðburði“.

- Bættu við eins mörgum tímarömmum eins og þú vilt.

Eyða tímaramma:

- Ýttu á „Fjarlægja viðburði“.
- Ýttu á tímarammann sem þú vilt eyða.

Afrita tímaramma:

Þú getur afritað stillingar fyrir alla vikudaga eða fyrir einstakan dag:

- Ýttu á „Afrita sérstillingu dags“, svo
 - Ýttu á „Líma sérstillingu dags yfir á alla daga“.
- Ýttu á „EÐA“
- Ýttu á einstakan vikudag.
- Ýttu á „Líma sérstillingu dags“.

Vista orkusparnaðar sérstillingu:

- Ýttu á „Vista“.

Aðferðalýsing greiðslukerfis (valmynd hluti 7)

Þú getur stillt eftirfarandi aðferðalýsingar fyrir fánleg greiðslukerfi, og stjórnað viðeigandi aðgerðum.

Sumar breytur sem nokkur greiðslukerfi deila, halda sínum gildum jafnvel þótt þú skiptir um greiðslukerfi.

Staðfesting:

Breyta samstundis (sjálgildi: óvirkt)

Upphæð tengd viðkomandi vali er venjulega greidd eftir að vélin sendir frá sér merkið „Val heppnaðist“.

Þegar þú virkjar þessa aðgerð, er peningamerkið sent í upphafi afhendingarferilsins.

Uppsetning þessara breyta er nauðsynlegt.

Staðsetning tugabrotsmerkis

Uppsetning á staðsetningu tugabrotsmerkis, t.d.:

0 - tugabrotsmerki óvirkt

1 - XXX.X (einn staður fyrir tugabrot)

2 - XX.XX (tveir staðir fyrir tugabrot)

3 - X.XXX (þrír staðir fyrir tugabrot)

Bókunartími (sjálgildi: 7 sekúndur)

Uppsetning fyrir greiðslu og hversu lengi sjálfsalinn sýnir nauðsynlega upphæð til að afhenda valið.

Línu/gildi tenging

Þegar skjárinn er stilltur á „LÍNU-GILDI TENGING“ aðgerðina (línuforritun) frá „forritunar“ valmyndinni, getur þú breytt gildi af 6 myntlínunum til staðfestingar frá A til F.

Kredit forritun (yfirgreiðsla)

Þú getur ákveðið hvort:

- greiða út með fé það kredit sem stendur eftir af upphæðinni eftir ákveðinn tímaramma í sekúndum (mælistærð „eytt 000“)
- skilja eftir það kredit sem stendur eftir sem innborgun á næsta val (mælistærð „viðhaldið“)

Executive:

Myntbúnaðar útgáfa

Þú þarft að velja á meðal eftirtalinnna greiðslukerfa fyrir Executive kerfið:

- Venjulegt
- Verðeign
- UKEY (Verðeign verð sýnt)

Breyta samstundis (sjálgildi: óvirkt)

Upphæð tengd viðkomandi vali er venjulega greidd eftir að sjálfsalinn sendir frá sér merkið „Val heppnaðist“.

Þegar þú virkjar þessa aðgerð, er peningamerkið sent í upphafi afhendingarferilsins.

Uppsetning þessara breyta er nauðsynleg.

Bókunartími (sjálgildi: 7 sekúndur)

Uppsetning fyrir greiðslu og hversu lengi sjálfsalinn sýnir nauðsynlega upphæð til að afhenda valið.

BDV:

Breyta samstundis (sjálfgildi: óvirkt)

Upphæð tengd viðkomandi vali er venjulega greidd eftir að sjálfsalinn sendir frá sér merkið „Val heppnaðist“.

Þegar þú virkjar þessa aðgerð, mun peningamerkið vera sent í upphafi afhendingarferilsins.

Uppsetning þessara breyta er nauðsynleg.

Bókunartími (sjálfgildi: 7 sekúndur)

Uppsetning fyrir greiðslu og hversu lengi sjálfsalinn sýnir nauðsynlega upphæð til að afhenda valið.

Tegund afhendingar

Uppsetning notendahams með mörgum eða einni afhendingu. Við margar afhendingar, er afgangsmyntin ekki sjálfkrafa gefin við lok afhendingar, en eftirstöðvarnar verða til staðar fyrir næstu afhendingar. Ef þú smellir á endurheimta mynt takkann, munu eftirstöðvarnar vera greiddar út ef upphæðin er lægri en gildi hámarksskiptimyntar.

Endurgreiðsla (vörsluskjal handfang)

Til að virkja/óvirkja endurgreiðslu (með því að smella á lykilinn breyta endurgreiðslu) ef engin afhending hefur átt sér stað.

Ef virk, mun þessi aðgerð útvega endurgreiðslu mynta jafnvel þótt að fyrsta afhendingarferli hefur ekki átt sér stað.

Ef afhending hefur misheppnast af einhverri ástæðu, mun upphæðin vera endurgreidd.

Hámarks kredit

Notaðu þessa aðgerð til að skilgreina hámarkskredit fyrir samþykktar myntir.

Hámarksskiptimynt

Þú getur stillt takmark á heildarupphæð fyrir skiptimynt sem myntgræjan mun greiða um leið og þú smellir á skiptimyntartakkann eða eftir eina afhendingu.

Það kredit sem er hærra en sú upphæð sem þú forritaðir inn með þessari aðgerð verður greidd út.

Gjaldgeng mynt

Til að skilgreina hvaða mynt er gjaldgeng meðal þeirra sem verður kennd með staðfestingu.

Fyrir mynt/gildi samræmi, athugaðu merkið sem sýnt er á myntunum í myntgræjunni.

Gjaldgengar skiptimyntir

Að forrita höfnun mynta ef upp kemur „nákvæm upphæð“.

Fyrir mynt/gildi samræmi, athugaðu merkið sem sýnt er á myntunum í myntgræjunni.

Nákvæm upphæð jafna

Skilgreina samsetningu tómrar hólka sem ætlaðir eru fyrir myntgræjuna í „nákvæm upphæð“ ham. Allar mögulegar samsetningar tómrar hólka eru skráðar hér fyrir neðan.

Til einföldunar, samsetningin sem lýst er með tilvísun í hólka A, B og C, þar sem hólkur A fær mynt með lægsta verðgildi og hólkur C fær mynt með hæsta verðgildi.

0 = A eða (B og C)

1 = A og B og C

2 = A og B eingöngu

3 = A og (B eða C)

4 = A eingöngu

5 = A eða B eingöngu (sjálfgildi)

6 = A eða B eða C

7 = A eða B eingöngu

8 = A eða C eingöngu

9 = B og C eingöngu

10 = B eingöngu

11 = B eða C eingöngu

12 = C eingöngu

Dreifihnappar

Notaðu þessa aðgerð til að virkja eða óvirkja takkana sem stilltir eru á myntgræjuna til að gefa til baka myntir í skiptimyntarhólkunum.

C.P.C. eining

Það er ætlað að myntgræjan átti sig á að sumar jaðareiningar hafi verið uppsettar eða fjarlægðar frá rað-tengingunni (jaðareiningar af C.P.C tegund - sjálfgilda stýrieiningin er ávallt virk).

Nákvæm skiptimynt (lágmarks hólkastig)

Til að aðvara notendann fyrirfram til að „Setja inn nákvæma upphæð“ með því að bæta við fjölda mynta á milli 0 og 15 við fjölda mynta sem hafa verið forrituð til að koma á fót fulla skiptimyntarhólka.

VMC ókeypis sala

Flest greiðslukerfi sem hafa BDV samskiptamáta eru ætlaðar til að geta framkvæmt ókeypis sölu aðgerð. Þó eru til nokkur greiðslukerfi sem bjóða ekki upp á þessa aðgerð. Ef sú er staðan, þá er nauðsynlegt að virkja VMC (vending machine control, óvirkt sem sjálfgildi) ókeypis sölu og stilla verðið á valmöguleikunum á núll ef sumir valmöguleikarnir eiga að vera afhentir ókeypis.

MDB:

Breyta samstundis (sjálfgildi: óvirkt)

Upphæð tengd viðkomandi vali er venjulega greidd eftir að sjálfsalinn sendir frá sér merkið „Val heppnaðist“.

Þegar þú virkjar þessa aðgerð, mun peningamerkið vera sent í upphafi afhendingarferilsins. Uppsetning þessara breyta er nauðsynlegt.

Staðsetning tugabrotsmerkis

Uppsetning á staðsetningu tugabrotsmerkis, t.d.:

- 0 - tugabrotsmerki óvirkt
- 1 - XXX.X (einn staður fyrir tugabrot)
- 2 - XX.XX (tveir staðir fyrir tugabrot)
- 3 - X.XXX (þrír staðir fyrir tugabrot)

Bókunartími (sjálfgildi: 7 sekúndur)

Uppsetning á því hversu lengi sjálfsalinn sýnir nauðsynlega upphæð til að afhenda valið.

Tegund afhendingar

Uppsetning notendahams með mörgum eða einni afhendingu. Við margar afhendingar, er afgangsmýntin ekki sjálfkrafa gefin við lok afhendingar, en eftirstöðvarnar verða til staðar fyrir næstu afhendingar. Ef þú smellir á mynt endurgreiðslu hnappinn (ef aðgerðin er virk), verða eftirstöðvarnar greiddar upp að hámarks skiptimyntargildi.

Skylt að kaupa

Til að virkja/óvirkja virkni mynd endurgreiðsluhnappsins áður en vara er afhent.

- Á: skiptimyntin er endurgreidd þegar búið er að velja vöru
- AF: skiptimyntin er endurgreidd eftir að hafa smellt á mynt endurgreiðsluhnappinn (sjálfsalinn virkar sem mynt skiptivél)

Hámarks kredit

Notið þessa aðgerð til að skilgreina hámarkskredit fyrir samþykktar myntir.

Hámarksskiptimynt

Þú getur stillt takmark á heildarupphæð fyrir skiptimynt sem myntgræjan mun greiða um leið og þú smellir á skiptimyntartakkann eða eftir eina afhendingu. Það kredit sem er hærra en sú upphæð sem þú forritaðir inn með þessari aðgerð verður greidd út.

Gjaldgeng mynt

Til að skilgreina hvaða mynt er gjaldgeng meðal þeirra sem verður kennd með staðfestingu þegar skiptimyntahólkur eru fullir.

Fyrir mynt/gildi samræmi, athugaðu stillingar myntgræjunnar.

Endurgreiddar myntir

Skilgreina hvaða myntir skal endurgreiða meðal þeirra sem eru til staðar í hólkunum. Mælistærðin er eingöngu virk þegar myntgræjan á ekki að geta sjálfkrafa valið hvaða hólk skal nota (Sjálfvirk endurgreiðsla).

Fyrir mynt/gildi samræmi, athugaðu stillingar myntgræjunnar.

Viðurkenndir seðlar

Til að skilgreina hvaða seðlar er gjaldgengir meðal þeirra sem verður kenndir í gegnum lesarann.

Fyrir seðil/gildi samræmi, athugaðu stillingar lesarans.

Gjaldgengar skiptimyntir fyrir nákvæma endurgreiðslu

Til að skilgreina hvaða mynt er gjaldgeng meðal þeirra sem verður kennd með staðfestingu þegar vélbúnaður er í „nákvæm upphæð“ ham.

Fyrir mynt/gildi samræmi, athugaðu stillingar myntgræjunnar.

Gjaldgengir seðlar fyrir nákvæma endurgreiðslu

Til að skilgreina hvaða seðlar eru gjaldgengir meðal þeirra sem verða kenndir í gegnum lesarann þegar vélbúnaður er í „nákvæm upphæð“ ham.

Fyrir seðil/gildi samræmi, athugaðu stillingar lesarans.

Friðhelgi cashless

Til að vernda friðhelgi notandans, á þessi aðgerð að sýna strenginn „-----“ í stað kredit í cashless kerfinu.

Afgangskredit

Þú getur valið hvort þú fáið endurgreitt kredit sem stendur eftir þegar að ákveðinn skilgreindur tími er liðinn (eytt síðar) eða skilið það eftir svo notandi geti ákveðið hvað hann vill gera (viðhaldið).

Peningasala skipun

Þessi aðgerð er notuð til að gefa sönnun á að peningafærsla hafi átt sér stað með notkun cashless kerfisins.

Notanleg gildi eru skráð hér að neðan:

- 0 venjuleg aðgerð: peningafærslur eru skráðar sem slíkar
- 1 neyddar sendingar í cashless 1: peningafærslur eru skráðar af fyrsta cashless kerfinu
- 2 neyddar sendingar í cashless 2: peningafærslur eru skráðar af öðru cashless kerfinu

Samsíða tæki

Notið þessa aðgerð til að virkja návist staðfestingar eða samsíða seðlalesara til að endurhlaða lyklna.

Nákvæm upphæð jafna

Til að velja á milli 15 mismunandi reikniðferða og virkja sjálfsalann til að endurgreiða þegar búið er að velja vöru. Hver reikniðferð athugar runu af nauðsynlegum (upphæð mynta í hólum eða staðan tóm eða full) af hólum sem myntgræjan mun nota til endurgreiðslu. „Engin breyting“ ástandið kemur upp þegar valdir hólkar við viðeigandi reikniðferð hafa náð lágmarksmagni af myntum (“lágmarks hólkastig“ mælistærð). Til einföldunar, samsetningin sem lýst er með tilvísun í hólka A, B, C og D, þar sem hólkur A fær mynt með lægsta verðgildi og hólkur D fær mynt með hæsta verðgildi.

0 = A eða B eða C eða D

1 = A eða B

2 = C eða D

3 = A eða D

4 = A eingöngu

5 = B eingöngu

6 = C eingöngu

7 = A og D

8 = C og D

9 = A og B

10 = A og B og C og D

11 = A og C eða A og D

12 = A eingöngu eða C og D

13 = D eingöngu

14 = A og B og C

Til dæmis: jafnan „10“ mun sýna „Engin breyting“ skilaboð þegar allir fjórir hólkar hafa náð lágmarksgildi.

„04“ jafnan mun sýna „Engin breyting“ skilaboð eingöngu þegar hólkur A (lægra-gildi mynt) hefur náð lágmarksmagni mynta.

Hámarks cashless lykil kredit

Notið þessa aðgerð til að setja upp hámarks kredit á cashless lykil/korti sem kerfið getur samþykkt. Ef lykillinn hefur hærra gildi, verður honum hafnað. Uppsetningargildið þarf ávallt að vera hærra en eða jafnt og það gildi sem sett er fyrir „Hámarks peninga virði“ aðgerð.

Uppsetningargildið þarf ávallt að vera hærra en eða jafnt og það gildi sem sett er fyrir „Hámarks peninga virði“ aðgerð, ef breytt og lækkað, verður það sjálfkrafa stillt á sama gildi og „Hámarks peninga virði“.

Hámarks cashless lykil endurhlaðinn

Þessi aðgerð er notuð til að setja upp hámarkskredit sem þú getur innheimt á lykila- eða kortakerfinu.

Lágmarks hólkastig

Stilla fjölda mynta á milli 0 og 15 til að koma á fót fulla skiptimyntarhólka og til að vara notandann við að „setja inn nákvæma upphæð“.

Virkni seðilslesara (virði seðils)

Til að virkja seðlalesarann til endurgreiðslu á kredit í cashless kerfinu (lykill eða kort).

Óskilgreindir kreditpeningar

Þessi aðgerð er ætluð til að samþykkja cashless greiðslukerfi (lykill eða kort) eða ekki ef cashless kreditkerfið er ekki skilgreint.

Notendahópar

Þessi aðgerð er notuð til að sameina verðlista (listi 1, listi 2 og listi 3) til notendahópa (frá 1 til 5).

Allir notendahópar eru sameinaðir á listann sem sjálfgildi.

8 - BILANALEIT

Sýna skilaboð	Ástæða	Aðgerð
	Vöropakkningin er: 1. tóm 2. ekki rétt staðsett 3. ekki til staðar	1. Skiptu um tóma vöropakkningu, <i>sjá síðu 12.</i> 2. Athugaðu hvort vöropakkningin sé ekki rétt staðsett, <i>sjá síðu 12.</i> 3. Settu inn vöropakkningu. Hringdu í söluaðila þegar númerið er sýnt á skjánum.
	Vatnið í katlinum hefur enn ekki náð réttu hitastigi.	• Afhending drykkja úr sjálfsalanum er blokuð þangað til að hitastig hefur náð réttu gildi.
	Hreinsa þarf sjálfsalann.	• Hefja hreinsiferliskerfið á sama degi, <i>sjá síðu 20.</i> Hringdu í söluaðila þegar númerið er sýnt á skjánum.
 drykkir eru gerðir daufir	Afhending drykkja er blokuð vegna þess að sjálfsalinn var ekki hreinsaður eftir áætlun.	• Byrjaðu hreinsiferliskerfið samstundis, <i>sjá síðu 20.</i> Hringdu í söluaðila þegar númerið er sýnt á skjánum.
	Skipta þarf um vatnssíu sjálfsalans.	• Hafðu samband við þjónustuaðila til að skipta um vatnssíu.

Sýna skilaboð	Ástæða	Aðgerð
Villa 10	Öryggisvilla í vatnshitara	- Vatn sauð yfir eða vatn flæddi úr hitaranum, athugaðu hitavörnina. - Notandi getur endurstíllt ef valkvæmi búnaðurinn fyrir endurstillingu á Marine Easy overflw hefur verið settur upp. Hafðu samband við þjónustuaðila ef villan viðhelst.
Villa 17/18/19	Villa í vatnskerfi	- Athugaðu hvort að vatnsveiturás sjálfsalans sé blokkuð, opnaðu vatnskranann að fullu. - Bankaðu á “Virkar villur listi” í heimavalskjá forritunarinnar og bankaðu svo á “Endurstilla villur” valmyndina. Hafðu samband við þjónustuaðila ef villan viðhelst.
Villa 30/31	Kælivilla	- Athugaðu loftræstinguna og hitastig umhverfis sjálfsalans, og hreinsaðu þéttigrindina, ef nauðsynlegt þykir. - Bankaðu á “Virkar villur listi” í heimavalskjá forritunarinnar og bankaðu svo á “Endurstilla villur” valmyndina. Hafðu samband við þjónustuaðila ef villan viðhelst.
Villa 60/61/63	Blöndunarskálar ekki skynjaðar	Athugaðu hvort að blöndunarskálarnar séu staðsettar rétt. Hafðu samband við þjónustuaðila ef villan viðhelst.
Villa 65	Dropabakki ekki til staðar	Athugið hvort dropabakki sé rétt settur. Hafðu samband við þjónustu ef villan er áfram.
Villa 75	Villa við að gefa hreinan skammt	Vélin reynir aftur að gefa hreinan skammt; gangið úr skugga um að vélin sé í réttu ástandi til að gefa hreinan skammt, t.d. dropabakki til staðar.

Sýna skilaboð	Ástæða	Aðgerð
Vatnsleki frá heitavatns útrennsli eða vöru útrennsli.	Uppsafnaðar agnir blokka viðeigandi útrennsli, það getur ekki lokast að fullu.	• Keyrðu kerfið „Skolun“, sjá síðu 21. Hafðu samband við þjónustuaðila ef vandamálið viðhelst.
Sjálfsalinn bregst ekki við þegar ýtt er á snertiskjáinn.	Upp hefur komið hugbúnaðarvilla.	• Endurstilltu sjálfsalann: Taktu rafmagnssnúruna úr sambandi og settu hana aftur í samband eftir 5 sekúndur. Hafðu samband við þjónustuaðila ef vandamálið viðhelst.

9 - TÆKNILÝSINGAR

Útgáfur*

Mjólkur-kaffi

Kaffi-kaffi

Mál

Hæð	Hurð lokuð: 692 mm / 27.24 in (Hurð opin: 920 mm / 36.2 in)
Breidd	380 mm / 14.96 in
Dýpt	524 mm / 20.63 in

Þyngd

tóm	38.5 kg / 86 lbs
Fullt	49 kg / 108 lbs

Hámarkshæð bolla/potta

Bollar:	157 mm / 6.2 in
Pottar:	157 mm / 6.2 in (með vökvaskúffu) 207 mm / 8.2 in (án vökvaskúffu eða þegar notað er <i>valkosturinn</i> pottaframlenging)

Rými fyrir hráefni

2 einnota Pokar-í-boxi (BIB) hráefnapakkar með rými fyrir:
2 lítrar / 0.53 gal (kaffi og mjólk), eða
1,25 lítrar / 0.33 gal (kaffi), eða
0,75 lítrar / 0.20 gal (mjólk)

Rými fyrir drykki

300 bollar með 100 ml / 3.3 fl. oz. hverja klst við 3.3 kW (230V)

Rúmtak ketils

6 lítrar / 1.58 gal

Hefðbundið vatnstengi	1/2" eða 3/8" vatnsleiðsla með 3/4" BSP tengieiningu Drykkjarvatnsleiðsla með stoppventli Hámarks hitastig fyrir inntaksvatn 60°C / 140°F
Breytilegur þrýstingur	Min. 0.8 bar at 10 l/min - 11 psi at 2.6 gal/min
Kyrrstæður þrýstingur	Max. 10 bar - 140 psi
Heitavatnstenging	Eingöngu í gegnum koparpípur
Kælieining tengivatns	Breytilegur þrýstingur: min. 0.8 bar at 1,2 l/min - 11 psi at 0.7 gal/min
Kæliefni	0.013 kg af R600a
Tæknilýsingar fyrir rafmagn	• Með rafmagnssnúru og tengi 1.80 m / 70.9 in • Bein rafmagnstenging í samræmi við öryggisleiðbeiningar Fyrir tengihleðslu athugaðu upplýsingaplötuna. 1-fasa virkni Evrópa: max. 3.3 kW at 230-240 VAC (16A) 3-fasa virkni Evrópa: max. 8.9 kW at 400 VAC (3×16A) 1-fasa virkni Norður Ameríka: max. 1.4 kW at 120 VAC (20A) 2-fasa virkni Norður Ameríka: max. 9.0 kW at 120/240 VAC (50A)
Umhverfislýsingar	
Hljómburður	A-vigtað hljóðþrýstingsstig fyrir sjálfsalann er undir 48 dB.
Hitastig í umhverfinu fyrir uppsetningu og starfssemi	Á milli 5°C / 41°F og 32°C / 90°F
Samræmi	UL, CE (2006/42/EC reglugerð fyrir vélbúnað, 2004/108/EC EMC reglugerð, 2002/72/EC matvælaöryggi), IEC 60335, IEC 60079. NSF(Eingöngu fyrir Marine útgáfuna)

Framleiðandi áskilur sér rétt til að breyta tækniupplýsingum hvenær sem er.

VIÐAUKI A - ALÞJÓÐLEG SKRÁNING Á RAFMAGNSTENGJUM

Land	Tegund tengis	Framleiðandi/vörumerki	Tegund/gerð	Tæknileg gögn	Venjulegt	Samræmismörk
Bretland	Tegund G	Patelec Elpena/Ningbo	MUK	3G0,75/1/1,5	BS 1363-1	BSI/HAR
Japan	Tegund B	Patelec Ningbo	42	3x0,75/1,25/2	JIS C8303, JIS C8306	PSE/JET
Ástralía	Tegund I	Patelec Elpena/Ningbo	161-165	3G0,75/1/1,5	AS/NZS 3112	NSW GOVERNMENT
Suður Kórea	Tegund C	Patelec Ningbo	152 KOREA	2x0,75/1/1,5	K60884-1, KSC 8305	Korea Testing laboratory
	Tegund F	Patelec Ningbo	232 KOREA	3G0,75/1/1,5	K60884-1, KSC 8305	Korea Testing laboratory
Singapúr	Tegund G	Patelec Ningbo	MUK	3G0,75/1/1,5	SS 145:part 1:2010	COC
Saudi Arabía	Tegund G	Patelec Ningbo	MUK	3G0,75/1/1,5	BD14004	GULF TYPE EXAMINATION CERTIFICATE
Suður Afríka	Tegund M	Patelec Elpena	507	3G0,75/1/1,5	SANS 164-1	SABS
UAE	Tegund G	Patelec Ningbo	MUK	3G0,75/1/1,5	BD14004	GULF TYPE EXAMINATION CERTIFICATE
Katar	Tegund G	Patelec Ningbo	MUK	3G0,75/1/1,5	BD14004	GULF TYPE EXAMINATION CERTIFICATE
Rússland	Tegund C					
	Tegund F					
Egyptaland	Tegund C					
	Tegund F					
Tæland	Tegund A					
	Tegund B					
	Tegund C					
	Tegund F					